

Kynferðislegt ofbeldi: Opið bréf til utanríkisráðherra, Gunnars Braga Sveinssonar

(Grein send til birtingar í Morgunblaðið og Kjarnann. Hvorugur miðlanna vildi birta greinina. Töldu hana sýna konum óréttlæti.)

Ég lýk lofsorði á viðleitni þína til að andæfa ofbeldi á alheimsvísu og skapa betri heim. Þú biður karla um að „opna hug og hjarta“ fyrir umræðu um jafnrétti kynjanna. Ég tek áskorun og opna upp á gátt.

Það er nú reyndar svo, að karlar, íslenskir sem erlendir, hafa unnið að jafnrétti öldum saman. Stærsta baráttumálið var kosningaréttur kvenna og þátttaka á opinberum vettvangi. Kosningaréttur var tiltölulega auðfenginn, enda miklu fremur spurning um eignarrétt og búsföræði, heldur en kynferði í sjálfu sér. Hin eldforna hlutverkaskipting hefur í meginatriðum verið á þá leið, að karlar hafa séð um aðdrætti, uppeldi drengja á gelgjuskeiði, ytri málefni, varnir og hermennsku; konur hafa aftur á móti sinnt uppeldi barna í frumbersku og haft hússtjórn með höndum. Hvorugt kynjanna hefur í sjálfu sér getað valið sér kynhlutverk, þar til fyrir örfáum áratugum síðan. Það má fyrst og fremst rekja til þróunar atvinnuveganna. En það lifir lengi í gömlum glæðum. Hin gamla hlutverkaskipting hefur nú verið færð út af heimilunum og út í samfélagið. T.d. sækjast konur eftir gamalkunnum verkum í aðhlyningu, hjúkrun og uppeldi. Karlar eru eins og hvítir hrafnar á þessum sviðum. Á sumum þeirra eru þeir gersamlega horfnir eins og t.d. við fæðingarhjálp. Þar starfa nú ljósmæður á grundvelli ljósmóðurfræða. Ljósföðurfræðin komust aldrei á koppinn. Á opinberum vettvangi bera konur meginþunga og ábyrgð á uppeldi nýrra kynslóða. Auk þess hefur sú þróun átt sér stað síðustu áratugi, að börn alast sífellt oftar upp á heimili einstæðra mæðra. Þau þekkja því karla og kalmennsku að mestu leyti af þeim skuggamyndum, sem uppalendur, fjölmiðlar, kvikmyndir og tölvuleikir bregða upp. Þar eru karlofurhetjur algengar og úr fjölmiðlum fá þau jafnaðarlegar fréttir af illsku karlmanna. Nú heyra þau frá SP, að karlar berji og limlesti konur. Illu heilli gerist það stundum. En það gleymist að segja þeim, að í nánnum samböndum megi vart á milli sjá, hvoru kyninu sé lausari höndin. Það gleymist líka að segja þeim, að karlar berji miklu oftar á kynbræðrum sínum en kynsysturum. Ei heldur eru þau frædd um ofbeldi kvenna. Barsmíðar eru bara ein tegund ofbeldis. Ofbeldi kvenna eins og karla dregur dóm af hlutverkum þeirra. Því þarf ekki að undra, að konur geti hneigst til ofbeldis í garð barna (Munchhausen by proxy) og sjúklinga.

Í grunnskóla landsins koma annað veifið kvenkynfræðingar, sem fræða ung börn á því, að karlmenn skuli varast. Þeir mæla t.a.m. með, að feður skipti ekki á börnum sínum eftir tveggja ára aldur, því þeir gætu freistast til að misnota þau kynferðislega, þar eð barnaníðingur búi í hverjum karli. (Reifabörn misnota reyndar konur fremur en karlar.) Í framhaldskólum bjóða „kynfræðingar“ námskeið. Megininntak þeirrar kennslu virðist vera að kenna ungmennum um ævarandi kúgun karla á konum. Kúgunin er ósjaldan útskýrð þannig, að hún sé eðlislæg karlmönnum, og að þeir séu (þrír og hálfur milljarður) samhuga í að troða konum um tær. Ég efa, að slíkt uppeldi og slík viðhorf stuðli að því að uppræta ofbeldi.

Gæti verið kominn tími til áherslubreytinga í afskaplega þreyttri jafnréttisumræðu, þar sem konum er oftar en ekki haldið á lofti sem fórnarlömbum vondra karla? Taka mætti t.d. fram stóra feimnismálið; ofbeldi kvenna. Ríkisstjórnin, sem lækna stéttin svínbeygði undir forustu stálfrúarinnar, mætti hækka laun allra hinna kvenstéttanna í opinberri þjónustu í einu vefangi. Þá hverfur vonandi hið hvímléiða raus um glerþök og glerveggi, sem skýrist fyrst og fremst af deiglyndi eða áhugaleysi hlutaðeigandi kvenna. Þráist ríkisvaldið við, geta þessar stéttir að dæmi lækna farið í verkfall og ýmist tekið sjúklinga (aftur) í gíslingu eða börn. Og ekki væri

úr vegi að skoða ofbeldi kynjanna frá sjónarhóli samskiptanna í stað þess að einblína á tilbúið ofbeldiseðli karla.